

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 99/2013

2013/EES/61/49

frá 3. maí 2013

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 555/2012 frá 22. júní 2012 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005 um hagskýrslur Bandalagsins að því er varðar greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og beina, erlenda fjárfestingu, að því er varðar uppfærslu á kröfum um gögn og skilgreiningum ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Liður 19s (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005) í XXI. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:
„– **32012 R 0555**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 555/2012 frá 22. júní 2012 (Stjtið. ESB L 166, 27.6.2012, bls. 22).“
2. Texti aðlögunarliðarins hljóði svo:
„a) Ákvæði 1. og 2. liðar í töflu 1 í I. viðauka taka ekki til Noregs.
b) Tafla 1 í I. viðauka tekur ekki til Íslands fyrr en í maí 2017.
c) Þessi reglugerð tekur ekki til Liechtensteins.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 555/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. maí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. maí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 166, 27.6.2012, bls. 22.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.